

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 29. júní 1990

**um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni**

(90/377/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Mikilvægt er að verðlagning á orku sé gagnsæ til að orku-markaður geti komist á og starfað snurðulaust enda efli það þær aðstæður sem koma í veg fyrir röskun á samkeppni á hinum sameiginlega markaði.

Gagnsæ verðlagning getur komið í veg fyrir að notendum sé mismunað með því að auka frelsi þeirra til að velja á milli mismunandi orkugjafa og mismunandi birgja.

Eins og málum er nú háttað er gagnsæi verðlagningar mismunandi eftir því hvaða orkugjafa er um að ræða og einnig eftir bandalagslöndum eða héruðum og hindrar slíkt að innri orkumarkaður komist á.

Hins vegar er verð það sem atvinnufyrirtæki í bandalagslöndunum greiða fyrir orku einn af þeim þáttum sem samkeppnishæfni þeirra ræðst af og ætti því áfram að vera háð trúnaðarkvöð.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 257, 10. 10. 1989, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 149, 18. 6. 1990.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 75, 26. 3. 1990, bls. 18.

Flokkun sú á notendum sem Hagstofa Evrópubandalagsins (SOEC) notar við birtingu á verðupplýsingum og það kerfi yfir markaðsverð sem senn verður tekið upp fyrir helstu rafmagnsnotendur mun tryggja að gagnsæi verðlagningar spilli ekki trúnaði í þessum eignum.

Nauðsynlegt er að þeir flokkar sem Hagstofa Evrópubandalagsins fellir notendur undir verði færðir út að því marki að þeir séu dæmigerðir.

Með þessu móti yrði verðlagning til notenda gagnsæ án þess að rofinn væri sá trúnaður sem nauðsynlegur er í samningnum. Ef trúnaður í meðferð upplýsinga á að haldast verða að vera að minnsta kosti þrír í hverjum flokki notenda þegar upplýsingar eru birtar.

Þessar upplýsingar sem snerta gas og rafmagn til notenda í atvinnurekstri gera það að verkum að einnig verður hægt að gera samanburð við aðra orkugjafa (olíu, kol, jarðefnaeldsneyti og endurnýjanlega orkugjafa) og aðra notendur.

Fyrirtæki sem dreifa gasi og rafmagni og gas- og rafmagnsnotendur í atvinnurekstri lúta áfram samkeppnisreglum sáttmálans, hvað sem beitingu þessarar tilskipunar líður, og þess vegna getur framkvæmdastjórnin krafist upplýsinga um verð og söluskilmála.

Einn þáttur í því að gera verðlagningu gagnsæja er að þekkja það verðkerfi sem er við lýði hverju sinni.

Þá stuðlar það einnig að gagnsæri verðlagningu að þekkjaflokkun notenda og markaðshlutdeild þeirra hvers um sig.

Verði Hagstofu Evrópubandalagsins greint frá verði og söluskilmálum til notenda og þeim verðkerfum sem eru við lýði svo og frá flokkun notenda ætti framkvæmdastjórninni að vera kleift að ákvæða eftir atvikum viðeigandi aðgerðir eða tillögur í ljósi framvindunnar á hinum innri orkumarkaði.

Upplýsingarnar sem Hagstofu Evrópubandalagsins eru sendar verða áreiðanlegri ef fyrirtækin sjálf taka þær saman.

Til að tryggja gagnsæi verðlagningar er mikilvægt að mönnum sé kunnugt um hvaða skattar eða skattatengd gjöld eru við lýði í hverju aðildarríki.

Það verður að vera unnt að ganga úr skugga um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem sendar eru Hagstofu Evrópubandalagsins.

Það er sjálfgefið að eigi verðlagningu að verða gagnsæ verður að birta upplýsingar um verðlagningu og söluskilmála og tryggja sem mesta útbreiðslu þeirra meðal notenda.

Þegar verið er að koma á gagnsæri verðlagningu ætti hún að byggjast á haldgóðri sérþekkingu og þeim aðferðum sem Hagstofa Evrópubandalagsins hefur þróað og beitt við vinnslu, eftirlit og birtingu gagna.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að innri orkumarkaður muni senn komast á verður fyrirkomulagið um gagnsæi verðlagningar að komast á laggirnar sem fyrst.

Forsenda þess að unnt sé að beita ákvæðum þessarar tilskipunar á sama hátt í öllum aðildarríkjunum er að til sé nægilega þróaður jarðgasmarkaður, einkum með tilliti til skipulags.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að fyrirtæki sem selja gas og rafmagn til notenda í atvinnurekstri, eins og þeir eru skilgreindir í I. og II. viðauka, sendi Hagstofu Evrópubandalagsins eftirtaldir upplýsingar í því formi sem kveðið er á um í 3. gr.:

1. verð og söluskilmála fyrir gas og rafmagn við sölu til notenda í atvinnurekstri;
2. verðkerfi sem eru við lýði;
3. flokkun notenda og notkun í hverjum flokki þannig að tryggt sé að notkun í hverjum flokki sé dæmigerð á landsvísu.

*2. gr.*

1. Fyrirtækin sem um getur í 1. gr. skulu safna þeim upplýsingum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 1. gr. 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þessar upplýsingar, settar fram í samræmi við ákvæðin sem um getur í 3. gr., skulu send Hagstofu Evrópubandalagsins og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum innan tveggja mánaða.

2. Í maí og nóvember á hverju ári birtir Hagstofa Evrópubandalagsins upplýsingar með viðeigandi sniði um verð á gasi og rafmagni til notenda í atvinnurekstri í aðildarríkjunum og verðlagningarkerfi sem þær byggjast á, á grundvelli þeirra gagna sem um getur í 1. mgr.

3. Upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. skulu sendar annað hvert ár til Hagstofu Evrópubandalagsins og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Fyrsta orðsendingin skal fjalla um ástandið eins og það er hinn 1. janúar 1991. Ekki skal birta þessar upplýsingar.

*3. gr.*

Í I. og II viðauka er greint frá framkvæmdarákvæðum um form, innihald og annað er varðar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. gr.

*4. gr.*

Hagstofa Evrópubandalagsins skal ekki birta þær upplýsingar sem henni berast samkvæmt 1. gr. sem kynnu að vera viðskiptaleyndarmál eðli málsins samkvæmt. Einungis starfsmenn Hagstofu Evrópubandalagsins skulu hafa aðgang að hagskýrslugögnum sem henni berast og háð eru trúnaði og þau má aðeins nota við hagskýrslugerð.

Þó skal þetta ákvæði ekki hindra það að útdráttur slíkra gagna verði birtur enda verði ekkert af honum ráðið um einstök viðskipti.

*5. gr.*

Komist Hagstofa Evrópubandalagsins að því að tölulega marktæk frávík eða ósamræmi sé í gögnum þeim sem send eru samkvæmt þessari tilskipun getur hún farið þess á leit við innlendu stofnanirnar að henni verði gert kleift að kanna sundurliðaðar upplýsingar og hvaða reiknireglur og matsaðferðir voru notaðar til að draga upplýsingarnar saman til að meta eða jafnvel betrumbæta þær upplýsingar sem misfarist hafa.

*6. gr.*

Þegar efni standa til gerir framkvæmdastjórnin nauðsynlegar breytingar á viðaukunum við þessa tilskipun með hliðsjón af sérstökum vandamálum sem upp koma. Slíkar breytingar mega þó aðeins ná til tæknilegra þátta viðaukanna og mega ekki vera þess eðlis að þær breyti heildaruppbyggingu kerfisins.

## 7. gr.

Verði gerðar breytingar á viðaukunum svo sem að er vikið í 6. gr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

## 8. gr.

Einu sinni á ári leggur framkvæmdastjórnin yfirlitsskýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina.

## 9. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Að því er varðar jarðgas kemur þessi tilskipun ekki til framkvæmda í aðildarríki fyrr en fimm árum eftir að sá orkugjafi er boðinn fram á viðkomandi markaði. Viðkomandi ríki ber sérstaklega að tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar hvaða dag sá orkugjafi er fyrst boðinn fram á innan-landsmarkaði.

## 10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1990.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. SMITH

*forseti.*

## I. VIDAUKI

## SÉRÁKVÆÐI UM GAS

1. Tvær gerðir af gasi eiga í hlut:
  - a) jarðgas;
  - b) unnið gas <sup>(1)</sup>.
2. Sé báðum tegundum af gasi dreift á sama þéttbýlissvæði eða héraði skal senda gögn um hvort tveggja nema ef notkunin er minni en 10% af heildarnotkun á jarðgasi eða unnu gasi á þeim stöðum eða héruðum sem um getur í 11. lið hér að neðan.
3. Aðeins er tekið tillit til dreifingar með lögnum.
4. Verðið sem greint er frá skal vera það verð sem notendur greiða.
5. Notkun er í öllum tilvikum notkun í atvinnurekstri.
6. Undanþegnir eru notendur sem nota gas:
  - a) til vinnslu rafmagns í opinberum orkuverum;
  - b) í öðrum tilgangi en til orkuvinnslu (t.d. í efnaiðnaði);
  - c) í meira magni en 4 186 000 GJ á ári (= 1 163 GWh á ári).
7. Það verð sem er skráð verður að byggjast á kerfi yfir staðalnotendur sem tekur mið af magni og umreikningi (eða álagsstuðli) <sup>(2)</sup> gasnotkunar.
8. Aðrir þættir sem skipt gætu máli við verðlagningu (t.d. rof á afhendingu) verða ákvarðaðir í hverju tilviki en ætíð farið eftir þeirri aðferð sem algengust er.
9. Í verðinu skal koma fram mælaleiga, fastagjald og verð vörunnar sjálfrar. Ekki ber að fella inn í það tengigjald sem notandinn greiðir í byrjun.
10. Eftirtaldir staðalnotendur, sem merktir eru I<sub>1</sub> til I<sub>5</sub>, hafa verið valdir:

Árleg notkun					Umreikningur
I <sub>1</sub>	418,60	GJ eða	116 300	kWh	Enginn álagsstuðull(*)
I <sub>2</sub>	4 186	GJ eða	1 163 000	kWh	200 dagar
I <sub>3-1</sub>	41 860	GJ eða	11,63	GWh	200 dagar 1 600 stundir
I <sub>3-2</sub>	41 860	GJ eða	11,63	GWh	250 dagar 4 000 stundir
I <sub>4-1</sub>	418 600	GJ eða	116,3	GWh	250 dagar 4000 stundir
I <sub>4-2</sub>	418 600	GJ eða	116,3	GWh	330 dagar 8 000 stundir
I <sub>5-4</sub>	4 186 000	GJ eða	1 163	GWh	330 dagar 8 000 stundir

(\*) Ef þörf krefur 115 – 200 dagar.

<sup>(1)</sup> „Unnið gas“ merkir orku, unna úr kolum, jarðolíuafurðum eða endurunnu eða blönduðu jarðgasi. Tílskipun þessi nær ekki yfir gas í fljótandi formi (bútangas, própangas), koks gas eða iðnaðargas.

<sup>(2)</sup> Daglegur álagsstuðull jafngildir fjölda daga sem tæki að eyða allri ársnotkuninni við mestu daglega notkun.

$$nd = \frac{Q_a}{Q_{d_{\max}}}$$

Álagsstuðull á klukkustund jafngildir fjölda klukkustunda sem það tæki að eyða allri ársnotkuninni við mestu notkun á klukkustund.

$$nh = \frac{Q_a}{Q_{h_{\max}}}$$

Í formúlunum hér að ofan gildir:

Q<sub>a</sub> = ársnotkun,

Q<sub>d<sub>max</sub></sub> = hámarksnotkun á dag,

Q<sub>h<sub>max</sub></sub> = hámarksnotkun á klukkustund.

## 11. Verðlag mun verða skráð á eftirfarandi stöðum eða héruðum:

— Belgía:	Brussel,
— Danmörk:	Kaupmannahöfn,
— Sambandslýð- veldið Þýskaland:	Hamborg, Hannover, Weser–Ems, Dortmund, Düsseldorf, Frankfurt am Main, Stuttgart, München,
— Spánn:	Madrid, Barcelona, Valencia, norður- og austurhéruðin,
— Frakkland:	Lille, París, Strassborg, Marseilles, Lyons, Toulouse,
— Írland:	Dublin,
— Ítalía:	Mílanó, Túrin, Genóa, Róm, Napólí,
— Lúxemborg:	Lúxemborg,
— Holland:	Rotterdam,
— Portúgal:	Lissabon,
— Breska	
— konungsríkið:	London, Leeds, Birmingham.

12. Skráð verð á að byggjast á gjaldskrá, samningum, skilmálum og reglum sem í gildi eru við upphaf hvers sex mánaða tímabils (janúar og júlí), að meðöldum öllum afsláttum.
13. Ef um er að ræða nokkrar mögulegar gjaldskrár skal tekið tillit til þeirrar sem er hagstæðust fyrir notendur en horft skal fram hjá þeim gjaldskráum sem ekki eru notaðar í raun eða sem gilda aðeins um mjög fáa notendur.
14. Ef einvörðungu er um að ræða ígildi gjaldskrár, sérsamninga eða sérstaklega umsamið verð, ber að tilkynna það verð sem er algengast (þ.e. dæmigerðast fyrir framboðið á hverjum tíma).
15. Verðið ber að gefa upp í innlendri mynt miðað við eðlisfræðilega einingu af gasi <sup>(1)</sup>. Mælieiningin fyrir orkunotkun byggist á heildarbrennslugildi (GCV), svo sem tíðkast í gasiðnaði.
16. Verðið ber að sýna á tvo vegu <sup>(2)</sup>:
  - að frádregnum öllum sköttum,
  - með öllum sköttum (nema endurgreiðanlegum VSK).
17. Enn fremur skal greina frá skattaprósentum og aðferðum við að reikna út skatta hvort sem þeir eru lagðir á gassölu til notenda á landsvísu, eftir héruðum eða svæðum.
18. Greinargerð, eins ítarleg og nauðsynlegt er til að skýra verðlagskerfið ber að fylgja með í viðauka. Sérstaklega skal greina frá breytingum sem hafa verið teknar upp frá síðustu athugun.
19. Ef þannig háttar til í einhverju aðildarríki að eitt fyrirtæki annast alla gassölu til atvinnufyrirtækja í því landi ber því fyrirtæki að senda inn upplýsingarnar. Í öðrum aðildarríkjum þar sem eitt eða fleiri héruð njóta þjónustu fleiri en eins gasfélags ætti sjálfstæð hagskýrslustofnun að senda inn upplýsingarnar.
20. Gögn sem fjalla um verðlag verða þá og því aðeins send að í viðkomandi aðildarríki eða héraði séu að minnsta kosti þrjár notendur í hverjum þeirra flokka sem um getur í 10. lið hér að ofan svo að fullur trúnaður sé virtur.

<sup>(1)</sup> Sé notast við rúmmetra ætti að skilgreina orkuinnihald hans í GJ, kílóvattstundum eða, til 1999, í hitaeiningum.

<sup>(2)</sup> Verðið án skatts má sjá í gjaldskrá eða samningum. Verðið án endurgreiðanlegs VSK nær einnig til annarra sérskatta þar sem þeir eru greiddir.

## II. VIÐAUKI

## SÉRÁKVÆÐI UM RAFMAGN

Gögn um rafmagn sem send eru inn samkvæmt þessari tilskipun skulu fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

I. Yfirlit um „dæmigerða viðmiðunarnotendur“ (notendur með allt að 10 MW afltopp (hreinn)).

1. Fyrirliggjandi yfirlit yfir raforkuverð til dæmigerðra viðmiðunarnotenda í bandalaginu sem framkvæmdastjórnin lét taka saman mun aukið þannig að það nái til tveggja flokka viðmiðunarnotenda í atvinnurekstri með 10 MW afltopp (hreinan) og verður yfirlitið fellt inn í þessa tilskipun.
2. Raforkuverð í aðildarríkjum þar sem ein gjaldskrá gildir á landsvísu verður kannað á einum stað; þar sem verðlag er breytilegt eftir landshlutum mun verðið kannað á stöðum sem gefa lýsandi mynd, sem hér segir:

— Belgía:	landið allt,
— Sambandslýðveldið Þýskaland:	Hamborg, Hannover, Düsseldorf, Frankfurt am Main, Stuttgart, München, Vestursvæðið, Suðursvæðið
— Danmörk:	landið allt,
— Spánn:	Madrid,
— Frakkland:	Lille, París, Strassborg, Lyons, Toulouse,
— Grikkland:	Aþena,
— Írland:	Dublin,
— Ítalía	Norður- og Mið-Ítalía, Suður-Ítalía og eyjarnar,
— Lúxemborg:	landið allt,
— Holland:	Rotterdam (GEB), Norður-Holland (PEN), Norður-Brabant (PNEM),
— Portúgal:	Lissabon, Ponta Delgada (sjálfsstjórnarsvæðið Azóreyjar),
— Breska konungsríkið:	London, Glasgow, Leeds, Birmingham.

3. Raforkuverð mun kannað í eftirfarandi níu flokkum dæmigerðra viðmiðunarnotenda í atvinnurekstri:

Viðmiðunarnotandi	Ársnotkun í kWh	Afltoppur í kW	Nýtingartími í klukkustundum
I <sub>a</sub>	30 000	30	1 000
I <sub>b</sub>	50 000	50	1 000
I <sub>c</sub>	160 000	100	1 600
I <sub>d</sub>	1 250 000	500	2 500
I <sub>e</sub>	2 000 000	500	4 000
I <sub>f</sub>	10 000 000	2 500	4 000
I <sub>g</sub>	24 000 000	4 000	6 000
I <sub>h</sub>	50 000 000	10 000	5 000
I <sub>i</sub>	70 000 000	10 000	7 000

Afltoppurinn (hreinn) er hæsta 15 mínútna meðalgildi afls innan eins árs mælt í kW. Verðið er reiknað út miðað við  $\cos \phi = 0,90$ . Séu gjaldskrár byggðar á 30 mínútna afltoppi margfaldast aflþörf viðmiðunarnotanda með stuðlinum 0,98. Ef gjaldskrár eru byggðar á aflþörf í kVA er leiðrétting gerð með því að deila í afltopp viðmiðunarnotanda með stuðlinum  $\cos \phi = 0,90$ .

4. Þar sem gjaldskrárnar eru byggðar á tíðari skráningu á hámarksnotkun en einu sinni á ári margfaldest aflgjaldið með eftirtöldum stuðlum:

TAFLA UM LEIDRÉTTINGARSTUÐLA FYRIR AFL

Nýtingar- tími (klukkustundir)	Mánaðar- legur aflestur	Aflestur á 2ja mánaða fresti	Ársfjórðungs- legur aflestur	Meðaltal þriggja hæstu mánaðartoppa	Meðaltal tveggja hæstu mánaðartoppa	Afltoppur ársins
1 000	0,81	0,83	0,86	0,94	0,96	1,0
1 600	0,83	0,85	0,88	0,95	0,97	1,0
2 500	0,85	0,87	0,90	0,96	0,98	1,0
4 000	0,90	0,91	0,95	0,98	0,99	1,0
5 000	0,90	0,91	0,95	0,98	0,99	1,0
6 000	0,96	0,97	0,98	0,99	0,995	1,0
7 000	0,96	0,97	0,98	0,99	0,995	1,0

5. Sé veittur afsláttur í gjaldskrá utan álagstíma skal eftirfarandi notkun utan álagstíma höfð til viðmiðunar við útreikning á meðalverði á kWh:

Staðal- notandi	Nýtingartími stundir	Árleg notkun 1 000 kWh	Árleg notkun (í þúsundum kWh) sem gjaldfærð er á lægri taxa með tilliti til daglegrar meðallengdar utan álagstíma					
			7 klst.	8 klst.	9 klst.	10 klst.	11 klst.	12 klst.
I <sub>a</sub>	1 000	30	0	0	0	0	0	0
I <sub>b</sub>	1 000	50	0	0	0	0	0	0
I <sub>c</sub>	1 600	160	11	13	16	19	22	25
I <sub>d</sub>	2 500	1 250	197	225	262	300	338	375
I <sub>e</sub>	4 000	2 000	438	500	580	660	740	820
I <sub>f</sub>	4 000	10 000	2 190	2 500	2 900	3 300	3 700	4 100
I <sub>g</sub>	6 000	24 000	7 140	8 160	9 120	10 080	11 040	12 000
I <sub>h</sub>	5 000	50 000	13 100	15 000	17 000	19 000	21 000	23 000
I <sub>i</sub>	7 000	70 000	23 300	26 600	29 400	32 200	35 000	37 800

Falli lengd tímabilsins sem telst utan álagstíma á milli þeirra gilda sem getur að líta í töflunni ber að áætla notkun í kWh utan álagstíma með framreikningi.

Að því er varðar önnur tímabil utan álagstíma, til dæmis heila sunnudaga, ber aðeins að taka tillit til helmings þeirra stunda sem umfram eru, jafna þeim yfir alla daga ársins og bæta niðurstöðunni við venjuleg tímabil utan álagstíma áður en töflunni er beitt.

6. Það verð sem tilkynnt er ætti að byggjast á opinberri gjaldskrá sem gildir gagnvart viðkomandi flokki viðmiðunarnotenda þegar það er mögulegt. Ef um er að ræða nokkrar mögulegar gjaldskrár skal miða við þá sem er hagstæðust fyrir notendur en horft fram hjá þeim gjaldskráum sem ekki eru notaðar í raun eða sem gilda aðeins um mjög fáa notendur. Ef einvörðungu er um að ræða ígildi gjaldskrár, sérsamninga eða umsamið verð ber að tilkynna það verð sem er algengast (þ.e. dæmigerðast) fyrir framboðið á hverjum tíma.
7. Sé raforka boðin til sölu í tilteknum flokki viðmiðunarnotenda á mismunandi spennu skal miða við þá spennu sem þykir dæmigerðust fyrir viðkomandi flokk notenda. Þessi meginregla ætti að gilda um aðrar færðar breytur sem ekki eru tilgreindar í þessari tilskipun.
8. Verðið á kílóvattstundinni ætti að reikna þannig út að það taki til allra fastra gjalda (t.d. mælaleigu, fastra gjalda, eða aflgjalds) og gjalda fyrir notaðar kílóvattstundir. Það er því heildarupphæðin, sem greiða skal eftir að hvers konar afsláttur hefur verið dreginn frá, fyrir viðkomandi notkunarmynstur, deilt með heildar-notkuninni. Þó skal ekki taka með gjald fyrir upphaflega tengingu við dreifikerfið. Þó veita skuli upplýsingar tvisvar á ári á útreikningurinn að byggjast á tölum um árlega notkun svo að komist verði hjá áhrifum af árstíðabundnum sveiflum.

9. Verðið skal gefið upp í innlendri mynt miðað við kílóvattstund <sup>(1)</sup>:

- að frádregnum öllum sköttum,
- með öllum sköttum (nema endurgreiðanlegum VSK).

Einnig skal greina frá sköttum og aðferðum við að reikna út skatta hvort sem þeir eru lagðir á raforkusölu til notenda á landsvísi, eftir héruðum eða svæðum.

10. Greinargerð, eins ítarlega og nauðsynlegt er til að skýra verðlagningarkerfið, skal fylgja með. Sérstaklega skal vekja athygli á breytingum sem hafa orðið frá því í síðustu könnun.
11. Ef þannig háttar til í aðildarríki að eitt fyrirtæki annast alla raforkusölu til atvinnufyrirtækja í því landi ber því að senda inn upplýsingarnar. Í öðrum aðildarríkjum þar sem eitt eða fleiri héruð njóta þjónustu fleiri en eins fyrirtækis ætti sjálfstæð hagskýrslustofnun að senda inn upplýsingarnar.

## II. Könnun á „viðmiðunarverði“ (hjá notendum með afltopp yfir 10 MW)

12. Við könnun á orkunotendum í atvinnurekstri með afltopp yfir 10 MW skal tekið upp nýtt kerfi sem byggist á „viðmiðunarverði“ eins og það er skilgreint hér að neðan.
13. Í öllum aðildarríkjunum nema Sambandslýðveldinu Þýskalandi og Breska konungsríkinu eru frávik í verði og gjöldum fyrir stóra orkunotendur í atvinnurekstri tiltölulega lítil og því ber að safna upplýsingum og birta þær miðað við aðildarríkið í heild. Í sambandslýðveldinu Þýskalandi og í Breska konungsríkinu getur hins vegar verið umtalsverður munur eftir landshlutum og því ber að safna upplýsingum og birta þær fyrir þrjú svæði í hvoru aðildarríkinu sem hér segir:

### Aðildarríki

Sambandslýðveldið Þýskaland<sup>(2)</sup> :

Breska konungsríkið:

### Svæði

- Norður/Mið,
- Vestur,
- Suður;
- England og Wales,
- Skotland,
- Norður-Írland.

14. Viðmiðunarverð og skyldar upplýsingar verður að tilkynna í hverju aðildarríki eins og frá er greint í 13. lið hér að ofan miðað við þrjú flokka stórra notenda í atvinnurekstri, þ.e. þá notendur í atvinnurekstri sem eru með afltopp í kring um:

- 25 MW, nær til notenda með afltopp (nettó) á bilinu 17,5 MW til 37,5 MW,
- 50 MW, nær til notenda með afltopp (nettó) á bilinu 37,5 MW til 62,5 MW, og
- 75 MW, nær til notenda með afltopp (nettó) á bilinu 62,5 MW til 75 MW.

Undir þessa flokka falla einnig notendur í atvinnurekstri sem vinna hluta af sinni raforku sjálfir, þó ekki sé þörf á að greina frá annari rafmagnsnotkun sem kemur frá almenningsveitum.

15. Viðmiðunarverðið í tilteknum notkunarflokki (t.d. 25 MW) er meðaltalsverð fyrir kílóvattstundina sem ímyndaður notandi eða viðmiðunarnotandi greiðir við venjulega eftirspurn sem er 25 MW, áður en frádráttur kemur til vegna „sérstakra þátta“ sem gera þarf grein fyrir sérstaklega (sjá 16. lið hér á eftir). Notkunarmynstur þessa viðmiðunarnotanda í atvinnurekstri ættu að vera eins dæmigerð og hægt er miðað við þennan notkunarflokk án tillits til hinna „sérstöku þátta“.

Samræmisins vegna mun framkvæmdastjórnin skilgreina notkunarmynstur fyrir hvern flokk viðmiðunarnotenda í atvinnurekstri (þ.e. 25 MW, 50 MW og 75 MW) og ber orkuseljendum að nota þau eftir því sem við verður komið. Henti þessi notkunarmynstur ekki, getur orkuseljandinn búið til sína eigin skilgrein-

<sup>(1)</sup> Verðið án allra skatta leiðir beint af gjaldskrárm eða samningum. Verðið án endurgreiðanlegs VSK felur í sér alla aðra sérskatta.

<sup>(2)</sup> Fylkjunum verður skipt í þrjú svæði:

- Norður/Mið: Slésvík–Holstein, Hamborg, Bremen, Berlín, Neðra-Saxland, Norður-Hessen.
- Vestur: Nordrhein–Westfalen, Rheinland–Pfalz, Suður–Hessen, Saarland.
- Suður: Bad–Württemberg, Bæjaraland.

ingu á eftirspurnareinkennum viðmiðunarnotenda með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnarinnar. Þessi notkunarmynstur taka til dæmis til nýtingartímans (t.d. „7 000 stundir“; þar sem hámarkseftirspurn þyrfri að standa yfir í 7 000 stundir til að ársnotkun yrði náð) og dreifingar notkunarinnar yfir mismunandi gjaldskrártíma dagsins (t.d. álagstíma, utan álagstíma, o.s. frv.).

16. Það viðmiðunarverð sem gefið er upp ætti að ná til allra gjalda (t.d. mælaleigu, fastra gjalda, eða aflgjalds) og gjalda fyrir notaðar kílóvattstundir. Þó skal ekki taka með gjald fyrir upphaflega tengingu. Enda þótt veita skuli upplýsingar tvisvar á ári skal útreikningurinn byggjast á tölum um árlega notkun svo komist verði hjá áhrifum af árstíðabundnum sveiflum. Skýra ber hvernig viðmiðunarverðið er reiknað út, þ.m.t. að gefa skýringar á föstum gjöldum.
17. Í tengslum við hvert viðmiðunarverð ber að gefa lýsingu á „sérstökum þáttum“ sem geta orðið til þess að lækka raforkuverðið (t.d. ákvæði um afhendingararf og greina frá því hve mikil lækkunin er (t.d. 6, 8 eða 10%). Þessir sérstöku þættir ættu að vera einkennandi fyrir þau atriði sem gilda um þá notendur sem njóta þjónustu veitunnar eða orkusöluþyrirtækisins í þeim notkunarflokki sem til athugunar er.
18. Ef fleiri en ein veita eða orkusöluþyrirtæki selur raforku í einhverju aðildarríki skulu þau veita sjálfstæðri hagskýrslustofnun upplýsingar um viðmiðunarverð og skylda þætti (um notkunarmynstur ímyndaðs notanda (sbr. 15. lið) og um sérstaka þætti og afslætti (sbr. 17. lið)). Stofnunum þessum ber síðan að senda áfram upplýsingar um hæsta og lægsta viðmiðunarverð sem í gildi er í því aðildarríki (eða héraði ef við á) í hverjum notkunarflokki, ásamt upplýsingum tengdum þessu viðmiðunarverði, til stjórnvalda og Hagstofu Evrópubandalagsins. Í öðrum aðildarríkjum þar sem eitt orkusöluþyrirtæki annast allt landið ber að senda upplýsingarnar beint og samtímis til stjórnvalda og Hagstofu Evrópubandalagsins.
19. Orkusöluþyrirtækin sem annast allt landið og eftir atvikum hinar sjálfstæðu hagskýrslustofnanir (sbr. 18. lið að ofan) munu þá og því aðeins tilkynna viðmiðunarverð og skyldar upplýsingar að í hverjum notkunarflokki í viðkomandi aðildarríki eða héraði séu að minnsta kosti þrjú notendur svo að fullur trúnaður haldist.
20. Viðmiðunarverð skal sett fram í samræmi við fyrirmælin í 9. lið.
21. Orkusöluþyrirtæki skulu enn fremur láta í té gögn annað hvert ár um fjölda notenda í hverjum notkunarflokki (þ.e. 17,5 MW til 37,5 MW, 37,5 MW til 62,5 MW og 62,5 MW til 75 MW) og heildarársnotkun þessara notenda í hverjum flokki (í Gwh). Upplýsingar þær sem skylt er að senda samkvæmt 18. lið. ber að senda annaðhvort með milligöngu sjálfstæðrar hagskýrslustofnunar sem sér um draga saman upplýsingar fyrir aðildarríkið í heild, eða beint og samtímis til stjórnvalda og Hagstofu Evrópubandalagsins. Þær upplýsingar sem leggja ber fram samkvæmt þessum lið verður farið með sem trúnaðarmál og munu ekki verða birtar.